

**Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**  
**4. fundur 2020 (97. fundur)**  
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 13.07.2020 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

**1. Breyting á deiliskipulagi Vestursvæðis – flugstöðvarsvæðis. Stækkun byggingarreits**

Fyrir lá tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vestursvæðis, dags. 30.06.2020. Breytingin felst í stækkun byggingarreits Flugstöðvarinnar til austurs, fjölga brottfararhliðum og uppfylla kröfur um landamærabúnað á byggingartíma. Byggingarmagn er óbreytt frá gildandi deiliskipulagi.

Að mati skipulagsnefndar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og samþykkti nefndin að fram fari grenndarkynning á skipulagstillögunni. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar en umsækjandi, Isavia, eru fyrir hendi, fellur grenndarkynningin niður.

Skipulagsnefndin samþykkti framangreinda breytingu á deiliskipulagi Vestursvæðis.

**2. Breyting á deiliskipulagi NA svæðis vegna nýs þjónustuvegar frá Aðalgötu**

Vísað er til bókar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar þann 08.06.2020 varðandi mál þetta. Þar er ákveðið að nauðsynlegt sé að auglýsa breytingu á deiliskipulagi vegna þjónustuvegarins. Að auki er nú metið að nauðsynlegt sé samhliða að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna vegarins.

Lögð voru fram drög að verkefnis- og matslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, dags. í júlí 2020, vegna þjónustuvegarins.

Skipulagsnefndin samþykkti að senda umsagnaraðilum verkefnislýsinguna ásamt því að auglýsa hana í viðeigandi málgagni.

**3. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu akbrauta á Keflavíkurflugvelli**

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 22.06.2020, þar sem fjallað er um tilkynningu Isavia um fyrirhugaðar akbrautir fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt 6. gr. laga um umhverfimat framkvæmda. Hafði stofnunin leitað umsagnar tiltekinna aðila um málið.

Ákvörðunarorð Skipulagsstofnunar eru, að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé fyrirhuguð framkvæmd ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

#### **4. Eldsneytistankur að Fálkavelli 8 - matskylda**

Lagt var fram erindi EBK ehf, dags. 10.07.2020, varðandi ákvörðun um matskyldu vegna byggingar nýs eldsneytistanks að Fálkavelli 8. Um er að ræða 3.800 m<sup>3</sup> tank sem bætist við á núverandi lóð félagsins. Fyrir eru 3 tankar sem hver um sig er 1.100 m<sup>3</sup>. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til sveitarfélags þar sem hún er í flokki C í lögum um mat á umhverfisáhrifum og tekur sveitarfélagið ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli undirgangast umhverfismat.

Lögð voru fram drög að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem gert var af skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar. Niðurstaða matsins er að bygging eldsneytistanksins sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefndin samþykkti niðurstöðu skipulagsfulltrúa.

#### **5. Svæðisskipulag Suðurnesja**

Lögð var fram fundargerð 23. fundar Svæðisskiplagsnefndar Suðurnesja frá 15.06.2020. Þar eru kynnt drög að svæðisskiplagslýsingu vegna endurskoðunar skipulagsins sem og drög að tímalínu verkefnisins.

#### **6. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 24. ágúst 2020 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

[https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/\\_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx](https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx)